



Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 30. júní 2025



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	5
Fjárhagslegar lykiltölur	6
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjáryfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11
Viðauki:	
Ársfjórðungsyfirlit	16

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Sýn, Sýn+, Sýn Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, Xið og fleiri landsþekktu miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu undir vörumerkjum Sýnar ásamt dótturfélagunum Endor ehf. og Já hf. (dótturfélag Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf.) og Já.is. Félagið á í fjölbættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðuárshlutareikning Sýnar hf. og dótturfélaga þess (Endor ehf. og Eignarhaldsfélagið Njálu ehf.) ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga.

Niðurstaða ársheimingsins

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðu af seldum vörum og þjónustu 10.577 millj. kr. Tap af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 518 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 30.080 millj. kr. 30. júní 2025. Eigið fé félagsins þann 30. júní 2025 nam 8.148 millj. kr. Þar af nam hlutfé 2.476 millj. kr. Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Eiginfjárlutfallið 30. júní 2025 var 27,1%. Í lok tímabilsins voru stöðugildi samstæðunnar 414 í samanburði við 422 í upphafi árs.

Tekjuvöxtur er í kjarnastarfsemi félagsins og bendir þróunin til jákvæðrar framvindu, meðal annars vegna fjölgunar viðskiptavina í fjarskiptum og í sjónvarpsáskriftum. Lækkun á tekjum félagsins milli tímabila skýrist fyrst og fremst af sveiflum í tekjum af IoT þjónustu og samdrætti í auglýsingasölu. Þá hefur launakostnaður lækkað milli ára, en kostnaðarverð hækkað að sama skapi m.a. vegna þrálátrar verðbólgu, þar sem samningar við birgja eru að mestu leyti vísitölutengdir.

Bráðabirgðaúrskurður Fjarskiptastofu um flutning á sjónvarpsútsendingum Sýnar, sbr. skýring nr. 12, skapar ákveðna óvissu og verða áhrif hans metin þegar frekari upplýsingar liggja fyrir. Óvissa um hvernig stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins tekst til við að ráða niðurlögum verðbólgu og stuðla að áframhaldandi vaxtalækkunum eru áfram almennir óvissuþættir í ytra umhverfi Sýnar jafnt sem annarra fyrirtækja hér á landi. Seðlabankinn hóf vaxtalækkunarferli í október 2024, en stýrivextir voru óbreyttir þann 20. ágúst sl. og óvissa ríkir um framhaldið. Að öðru leyti er vísað til ársreiknings félagsins árið 2024 um umfjöllun um óvissuþætti.

Vörumerkjasamruni

Frá og með 12. júní 2025 sameinuðust vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð2+ og Stöð 2 Sport undir merki Sýnar. Þessi samruni er mikilvægur þáttur í því að einfalda ásýnd og vöruframboð Sýnar í anda þeirrar stefnumórkunar sem félagið kynnti á mörkuðum í lok síðasta árs. Samhliða þessum breytingum kynnti Sýn nýtt og einfaldað vöruframboð sem sameinar öfluga fjarskiptaþjónustu, hágæða sjónvarpsefni og einstakt úrval af íþróttum.

Samruni dótturfélaganna Endor ehf. og Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf. við Sýn hf.

Fyrirtækjaskrá hefur til meðferðar samrunaáætlun vegna sameiningar Sýnar hf., Endor ehf., Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf. og Já hf., sem miðast við 1. janúar 2025. Endanlegur samruni hefur verið samþykktur af stjórn Sýnar hf. Tilgangur samrunans er að auka hagræðingu og arðsemi í rekstri. Gert er ráð fyrir að ljúka samruna á þriðja ársfjórðungi ársins 2025.

Fyrirhugað framsal farnetsdreifikerfa Sýnar hf. og Nova hf. til Sendafélagsins

Nova hf. og Sýn hf. hafa undirritað samkomulag um fyrirhugaða sameiningu farnetsdreifikerfa sinna í Sendafélaginu ehf., sem þau eiga saman. Markmiðið er að reka eitt sameiginlegt 4G og 5G dreifikerfi til að ná fram hagræðingu og auka fjárfestingargetu. Endanlegir samningar eiga að liggja fyrir innan 10 vikna. Með sölu farnetsins myndi EBITDAaL lækka um 250 m.kr. og EBIT um 30 m.kr. á ári, en jafnframt lækka árlegar fjárfestingar um 200 m.kr. og skuldir um 960 m.kr. eftir endurfjármögnun. Áætluð heildarafkoma Sendafélagsins er 130 m.kr. á fyrsta rekstrarári.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2025 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2025.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. ágúst 2025

Í Stjórn

Hákon Stefánsson, stjórnarformaður

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, varaformaður

Heiðrún Lind Marteinsdóttir

Páll Gíslason

Ragnar Páll Dyer

Forstjóri

Herdís Dröfn Fjeldsted

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Sýnar hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Sýnar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit og skýringar.

Stjórn og forstjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við *IAS 34 Árshlutareikningar*.

Reykjavík, 25. ágúst 2025

KPMG ehf.

Hjördís Ýr Ólafsdóttir
endurskoðandi

Fjárhagslegar lykiltölur*

	2025 2F	2024 2F**	2025 6M	2024 6M**
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	5.357	5.286	10.577	10.650
EBITDA tímabilsins	1.038	1.018	1.927	2.115
EBITDAaL tímabilsins***	716	733	1.297	1.485
EBIT	66	63	(74)	110
Tap fyrir tekjuskatt	(219)	(256)	(652)	(523)
Tap tímabilsins	(174)	(186)	(518)	(339)
Tap á hlut	(0,70)	(0,77)	(2,11)	(1,40)
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	220	598	383	1.041
Fjárfestingar í sýningarréttum	404	567	720	1.067
Frjálst fjárflæði (FCF)	163	(492)	838	(415)
EBITDAaL að frádregnum fjárfestingum	92	(432)	194	(623)
Handbært fé frá rekstri	481	355	1.331	1.025
	30.6. 2025	31.3. 2025	31.12. 2024	30.6. 2024
Hreinar vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	6.216	5.901	6.116	7.120
Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingum	18.274	18.100	18.373	19.346

* Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum

** Fjárhæðum fyrir árið 2024 hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu rekstrarreiknings og vegna aflagðrar starfsemi Endor ehf., sbr skýringu nr. 10

*** EBITDAaL er EBITDA að frádregnum hreinum leigugreiðslum.

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2025

	Skýr.	2025 2F*	2024 2F*	2025 6M	2024 6M**
Rekstrartekjur					
Seldar vörur og þjónusta	5	5.357	5.286	10.577	10.650
		5.357	5.286	10.577	10.650
Rekstrarkostnaður					
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu		2.222	2.100	4.378	4.228
Laun og launatengd gjöld	6	1.535	1.642	3.173	3.210
Annar kostnaður		563	526	1.098	1.097
		4.320	4.268	8.650	8.536
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, EBITDA					
Afskriftir	7	(972)	(955)	(2.001)	(2.005)
Rekstrarafkoma					
		66	63	(74)	110
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Fjármunatekjur	8	5	6	23	22
Fjármagnsgjöld	8	(305)	(324)	(622)	(656)
Gengismunur		15	(2)	21	1
Hrein fjármagnsgjöld		(284)	(319)	(578)	(632)
Tap fyrir tekjuskatt					
		(219)	(256)	(652)	(523)
Tekjuskattur		45	80	134	148
Tap af áframhaldandi starfsemi					
		(174)	(176)	(518)	(375)
(Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta		0	(10)	0	36
Tap tímabilsins					
		(174)	(186)	(518)	(339)
Önnur heildarafkoma					
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>					
Þýðingarmunur		0	(6)	(4)	(10)
Heildarafkoma tímabilsins					
		(174)	(192)	(522)	(349)
Tap á hlut					
		(0,70)	(0,77)	(2,11)	(1,40)

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum.

** Fjárhæðum fyrir árið 2024 hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu rekstrarreiknings og vegna aflagðrar starfsemi Endor ehf., sbr. skýringu nr. 10

Skýringar á bls. 11-15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Efnahagsreikningur

30. júní 2025

	Skýr.	30.6.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir		1.545	3.298
Viðskiptavild		7.818	7.818
Aðrar óefnislegar eignir		4.790	5.252
Leigueignir		7.526	7.723
Eignahlutir í félögum		85	85
Langtímaleigukröfur		108	127
Tekjuskattseign		205	71
Fastafjármunir samtals		22.077	24.374
Veltufjármunir			
Sýningarréttir		2.299	2.427
Birgðir		306	347
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	9	3.268	3.639
Handbært fé		350	264
Eignir flokkaðar til sölu	11	1.780	0
Veltufjármunir samtals		8.003	6.676
Eignir samtals		30.080	31.050
Eigið fé			
Hlutfé		2.476	2.476
Yfirverðsreikningur hlutafjár		542	542
Annað bundið eigið fé		762	498
Óráðstafað eigið fé		4.368	5.136
Eigið fé		8.148	8.652
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		3.959	4.126
Leiguskuldir		11.451	11.615
Langtímaskuldir samtals		15.410	15.741
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		2.607	2.255
Leiguskuldir		607	642
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	12	3.307	3.760
Skammtímaskuldir samtals		6.521	6.657
Skuldir samtals		21.930	22.398
Eigið fé og skuldir samtals		30.080	31.050

Skýringar á bls. 11-15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Eiginfjárfirlit

1. janúar til 30. júní 2025

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutfjár	Annað bundið eigið fé Þýðingar- munur	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1.1. til 30.6.2024						
Eigið fé 1.1.2024	2.493	602	48	226	6.920	10.288
Tap tímabilsins	-	-	-	-	(339)	(339)
Þýðingarmunur	-	-	(10)	-	-	(10)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(10)	0	(339)	(349)
Keyptir eigin hlutir	(16)	(60)	-	-	-	(76)
Hagnaður hlutdeildarf. og dótturf. umfram arðgr.	-	-	-	73	(73)	0
Eigið fé 30.6.2024	2.476	542	38	299	6.509	9.864
1.1. til 30.6.2025						
Eigið fé 1.1.2025	2.476	542	4	494	5.136	8.652
Tap tímabilsins	-	-	-	-	(518)	(518)
Þýðingarmunur	-	-	(4)	-	-	(4)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(4)	0	(518)	(522)
Kaupréttir	-	-	-	18	-	18
Hagnaður hlutdeildarf. og dótturf. umfram arðgr.	-	-	-	250	(250)	
Eigið fé 30.6.2025	2.476	542	0	762	4.368	8.148

Skýringar á bls. 11-15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. júní 2025

	Skýr.	2025 2F	2024 2F	2025 6M	2024 6M
Tap tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi		(174)	(186)	(518)	(339)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	7	972	955	2.001	2.005
Hrein fjármagnsgjöld		284	319	578	632
Tekjuskattur		(45)	(81)	(134)	(148)
Kaupréttarsamningar		9	0	18	0
Áhrif af aflagðri starfsemi		0	(10)	0	36
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.046	999	1.945	2.186
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, breyting		33	101	40	172
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		236	244	377	216
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		(529)	(671)	(422)	(881)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		787	673	1.941	1.693
Innborgaðar vaxtatekjur		5	6	22	22
Greidd vaxtagjöld		(312)	(324)	(633)	(690)
Handbært fé frá rekstri		481	355	1.331	1.025
Fjárfestingarhreyfingar					
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(76)	(255)	(139)	(362)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(145)	(343)	(244)	(679)
Fjárfesting í sýningarréttum		(404)	(567)	(720)	(1.067)
Fjárfestingarhreyfingar		(624)	(1.165)	(1.103)	(2.108)
Fjármögnunarhreyfingar					
Keyptir eigin hlutir		0	0	0	(76)
Afborganir vaxtaberandi skulda		(84)	(84)	(169)	(169)
Rekstrarlán, breyting		475	1.125	353	1.184
Afborgun leiguskuldbindinga		(171)	(151)	(327)	(343)
Fjármögnunarhreyfingar		219	890	(143)	596
Breyting á handbæru fé		76	79	85	(486)
Handbært fé í byrjun tímabils		273	58	264	624
Áhrif gengisumreiknings á handbært fé		0	(1)	0	(3)
Handbært fé í lok tímabilsins		349	136	349	136

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum.

Skýringar á bls. 11-15 eru óaðskiljanlegur hluti ársþlutareiknings samstæðunnar.

Skýringar

1. Félagið

Sýn hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla-, og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Sýn, Sýn+, Sýn Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X 977, Já.is og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölpættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 hefur að geyma árshlutareikning félagsins, dótturfélaga þess, Endor ehf. og Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf., ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðan“.

2. Reikningsskilin

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Samstæðuárshlutareikningur félagsins 1. janúar til 30. júní 2025 er kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreiknings fyrir árið 2024. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2024. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins www.syn.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundum þann 25. ágúst 2025.

b. Mat og ákvarðanir stjórnenda

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Það er mat stjórnenda að mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda sé óverulegur.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mælikvarðar sem ekki byggja á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum

Stjórnendur félagsins hafa skilgreint lykilmælikvarða, *EBIT*, *EBITDA* og *EBITDAaL*, sem þeir telja gagnlega til að varpa ljósi á fjárhagslegan árangur samstæðunnar. *EBIT* er rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta, en *EBITDA* er rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta. *EBITDAaL* er *EBITDA* að fráðregnum hreinum leigugreiðslum.

Markmið stjórnenda með notkun þessara mælikvarða er að veita fjárfestum og öðrum hagsmunaaðilum skýrari mynd af undirliggjandi rekstrarafkomu samstæðunnar, óháð fjármögnunarformi, skattlagningu og bókhaldstengdum atriðum sem geta verið breytileg milli félaga. Þessir mælikvarðar byggja ekki á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og er ekki ætlað að koma í stað sambærilegra mælikvarða sem byggðir eru á slíkum stöðlum. Þeir ættu því ekki að vera skoðaðir einir og sér, heldur í samhengi við samstæðureikninginn í heild, sem unnin er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er hluti samstæðunnar sem sinnir atvinnustarfsemi sem getur aflað tekna og haft í för með sér gjöld, þar með talið tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfsþætti innan samstæðunnar. Starfsþættir eru skilgreindir af stjórnendum félagsins, sem reglulega fara yfir starfsemina til að taka ákvarðanir um úthlutun eigna og til að fylgjast með rekstrarárangri.

Samstæðan skiptir starfsemi sinni í tvo aðgreinda starfsþætti í samræmi við IFRS 8: fjarskipti og fjölmiðlun. Starfsemi samstæðunnar fer nær alfarið fram á Íslandi.

Skýringar, frh.:

5. Starfsþáttayfirlit, frh.:

Fjarskipti

Starfsemi á sviði fjarskipta felur í sér alla helstu fjarskiptaþjónustu, þar á meðal farsíma-, fastlínu- og internetþjónustu, sölu á hlutaneti (IoT), vörusölu til einstaklinga og fyrirtækja, auk hýsingar- og rekstrarlausna. Þjónustan nær til bæði heimila og fyrirtækja og spannar alla virðis_keðju fjarskipta, frá rekstri innviða til dreifingar og stuðningsþjónustu. Vörusala og hýsingar- og rekstrarlausnir eru innifaldar í þessum starfsþætti, en vegna smæðar og eðlis þeirra eru þær ekki aðskildir starfsþættir.

Fjölmiðlun

Starfsemi á sviði fjölmiðlunar nær til auglýsingasölu, reksturs vefmiðla, útvarps og sjónvarps, auk nýmiðlunar undir vörumerkinu Já.is. Hún felur í sér framleiðslu og miðlun efnis, dreifingu á stafrænum og hefðbundnum miðlum, og þjónustu við auglýsendur og markaðsaðila. Starfsemi nýmiðlunar í gegnum Já.is er hluti af fjölmiðlunarstarfseminni, en vegna smæðar og eðlis hennar er hún ekki aðskilinn starfsþáttur.

Starfsþættir janúar til júní 2025 greinast þannig*:

	Fjölmiðlun	Fjarskipti	Stoðsvið og jöfnun	Samtals
Seldar vörur og þjónusta samstals	4.517	6.933	(873)	10.577
Heildarrekstrargjöld starfsþátta	(3.814)	(5.996)	1.159	(8.650)
EBITDA starfsþátta	704	937	287	1.927
Afskriftir starfsþátta	(1.080)	(691)	(230)	(2.001)
Rekstrarafkoma starfsþátta	(377)	246	56	(74)
Hrein fjármagnsgjöld				(578)
Tekjuskattur				134
Tap tímabilsins				(518)
Leigukostnaður	(142)	(488)	0	(630)
EBITDAaL	562	449	287	1.297

* Félagið birtir í fyrsta sinn upplýsingar um starfsþætti. Ekki liggja fyrir samanburðarfjárhæðir fyrir fyrri tímabil og eru þær því ekki birtar.

Skýringar, frh.:

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2025	2024	2025	2024
	2F	2F	6M	6M
Laun	1.363	1.424	2.662	2.732
Lífeyrissjóðsgjöld	181	198	354	385
Kostnaður vegna kaupréttasamninga	9	0	18	0
Önnur launatengd gjöld	88	136	328	376
Eignfærð laun	(105)	(116)	(189)	(284)
Laun og launatengd gjöld samtals	1.535	1.642	3.173	3.210

7. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2025	2024	2025	2024
	2F	2F	6M	6M
Afskriftir rekstrarfjármuna	219	212	442	423
Afskriftir annarra óefnislegra eigna	136	135	275	272
Afskriftir sýningarrettta	396	386	847	874
Afskriftir vörumerkja og viðskiptasambanda	52	52	104	102
Afskriftir leigueigna	171	171	334	335
Afskrift samtals	972	955	2.001	2.005

8. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2025	2024	2025	2024
	2F	2F	6M	6M
Vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	4	4	19	18
Vaxtatekjur af leigukröfum	2	2	3	5
Fjármunatekjur samtals	5	6	23	22
Vaxtagjöld og önnur þjónustugjöld	(152)	(188)	(315)	(363)
Vaxtagjöld af leiguskuldum	(153)	(136)	(307)	(292)
Fjármagnsgjöld samtals	(305)	(324)	(622)	(656)

9. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	30.6.2025	31.12.2024
Viðskiptakröfur	3.029	3.326
Aðrar skammtímakröfur	274	354
Leigukröfur	30	22
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(65)	(63)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	3.268	3.639

Skýringar, frh.:

10. Sala á hluta af starfsemi Endor ehf.

Þann 1. október 2024 undirrituðu Sýn hf. og Hexatronic kaupsamning um hluta af starfsemi Endor ehf. Viðmiðunardagur viðskiptanna var þann 20. september sl. Hluti kaupverðsins var greiddur í byrjun október 2024 og var seinni hluti kaupverðsins greiddur á öðrum ársfjórðungi ársins 2025. Hagnaður af sölu starfseminnar nam 160 millj. kr.

Samanburðarfjárhæðum í rekstrarreikningi og sjóðstreymi hefur verið breytt og er nú rekstur seldu starfsemi Endor ehf. nú tilgreindur í einni línu í rekstrarreikningi sem aflögð starfsemi.

Afkoma seldu starfseminnar á tímabilinu er eftirfarandi	2024
	6M
Tekjur	998
Sala innan samstæðu	(232)
Ytri tekjur	766
Gjöld	944
Gjöld innan samstæðu	(232)
Ytri gjöld	712
Hagnaður fyrir skatta	54
Skattar	(17)
Samtals áhrif af aflagðri starfsemi	36

11. Fyrirhugað framsal farnetsdreifikerfa Sýnar hf. og Nova hf. til Sendafélagsins

Félagið vinnur ásamt Nova hf. að sölu á hluta fjarskiptaeigna sinna til Sendafélagsins. Í tengslum við sölu eru viðkomandi eignir færðar úr hefðbundnum rekstrarfjármunum yfir í eignir flokkaðar til sölu í efnahagsreikningi. 1.522 millj. kr. af fjarskiptainnviðum sem áður voru flokkaðir meðal rekstrarfjármuna eru færðir undir þennan lið og 258 millj. kr. af óefnislegum eignum eru einnig flutt í sama flokk. Þessi tilfærsla endurspeglar stefnu félagsins um að nýta betur fjárhagslega stöðu sína með sölu tiltekinna innviða, auka sveigjanleika í rekstri og styrkja lausafjárstöðu.

12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	30.6.2025	31.12.2024
Viðskiptaskuldir	1.488	2.129
Ógreiddur virðisaukaskattur	286	234
Fyrirfram innheimtar tekjur	539	471
Ógreidd launatengd gjöld	916	805
Aðrar skammtímaskuldir	77	121
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	3.307	3.760

13. Önnur mál

Málarekstur

Sýn hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áþreifanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið. Einnig kann félagið að eignast dæmdar kröfur á hendur þriðju aðilum. Hér að neðan er gerð grein fyrir málum sem fengu framgang á öðrum ársfjórðungi 2025. Um málarekstur Sýnar hf. að öðru leyti vísast í ársreikning vegna rekstrarársins 2024 og árs hlutareikning vegna fyrsta ársfjórðungs rekstrarársins 2025.

Á ársfjórðungnum var ekki markverður framgangur í ágreiningsmálum, sem Sýn á aðild að. Hins vegar er rétt að greina frá tveimur málum, sem áttu sér stað eftir reikningsskiladag:

Skýringar, frh.:

13. Önnur mál, frh.

Ágreiningur um kostnað vegna neyðarboða - Úrskurður ÚFP nr. 7/2024

Í máli nr. 7/2024 tók úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála (ÚFP) fyrir kæru Neyðarlínunnar ohf. á ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 13/2024. Meginágreiningsefni málsins var lögskýring á 99. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti, nánar tiltekið inntak orðalagsins „án endurgjalds“. Kærandi, Neyðarlínan ohf., taldi að ákvæðið legði þá fortakslausu skyldu á fjarskiptafyrirtæki að bera allan kostnað af útsendingu neyðarboða, þar með talin lúknings- og reikigjöld sem fjarskiptafyrirtæki greiða sín á milli, einkum vegna notenda á erlendum farsímanúmerum. Byggði kærandi kröfu sína einkum á beinni textaskýringu lagaákvæðisins og þeirri meginreglu að skýr ákvæði íslenskra laga gangi framur þeim EES-gerðum sem þau innleiða.

Fjarskiptastofa og fjarskiptafyrirtækin Sýn hf. og Nova hf. héldu því fram að orðalagið „án endurgjalds“ væri óskýrt og bæri að túlka það til samræmis við 110. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, sem kveður á um að þjónustan skuli vera endurgjaldslaus fyrir endanotendur. Að leggja ófyrirséðan og sveiflukenndan kostnað, sem líkja mætti við óbeinar álögur, á fjarskiptafyrirtækin krefðist skýrrar og ótvíræðrar lagaheimildar sem ekki væri fyrir hendi.

Í máli nr. 7/2024 tók úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála (ÚFP) fyrir kæru Neyðarlínunnar ohf. á ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 13/2024. Meginágreiningsefni málsins var lögskýring á 99. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti, nánar tiltekið inntak orðalagsins „án endurgjalds“. Kærandi, Neyðarlínan ohf., taldi að ákvæðið legði þá fortakslausu skyldu á fjarskiptafyrirtæki að bera allan kostnað af útsendingu neyðarboða, þar með talin lúknings- og reikigjöld sem fjarskiptafyrirtæki greiða sín á milli, einkum vegna notenda á erlendum farsímanúmerum. Byggði kærandi kröfu sína einkum á beinni textaskýringu lagaákvæðisins og þeirri meginreglu að skýr ákvæði íslenskra laga gangi framur þeim EES-gerðum sem þau innleiða.

Á grundvelli þessarar niðurstöðu úrskurðarnefndar hefur verið framkvæmd tekjufærsla í árshlutareikningi 2F að fjárhæð 30 millj. kr.

Ágreiningur um flutningsrétt á sjónvarpsefni Sýnar hf.

Í júlí 2025 barst Fjarskiptastofu (FST) krafa frá Símanum hf. um að stofnunin tæki bráðabirgðaákvörðun á grundvelli 4. mgr. 46. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Krafan fól í sér að Sýn hf. yrði gert skylt að heimila Símanum flutning á sjónvarpsútsendingum Sýnar, þ.e. línulegri opinni dagskrárás og læstum íþróttarásum, um dreifikerfi Símans, bæði um IPTV-myndlykla og smáforrit (app).

Fjarskiptastofa tók málsmeðferðarákvörðun til bráðabirgða þann 30. júlí 2025 og féllst á kröfur Símans. Stofnunin taldi skilyrði fyrir töku bráðabirgðaákvörðunar uppfyllt, þar sem hætta væri á að Síminn yrði fyrir „verulegu fjártjóni“. Með ákvörðuninni var Sýn gert skylt að afhenda Símanum umræddar sjónvarpsútsendingar til dreifingar gegn tilteknu endurgjaldi til bráðabirgða og skyldi ákvörðunin gilda til allt að 1. september 2026.

Sýn hf. kærði bráðabirgðaákvörðunina þegar í stað til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála þann 1. ágúst 2025. Í kærinni er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi og að réttaráhrifum hennar verði frestað á meðan mál er til meðferðar hjá nefndinni. Krafa Sýnar byggir á því að ákvörðun FST sé haldin alvarlegum form- og efnisannmörkum. Sýn heldur því fram að lagaskilyrði fyrir töku bráðabirgðaákvörðunar hafi verið brostin, sérstaklega eftir að Sýn framlengdi einhliða fyrri dreifingsamning og afstýrði þannig þeim „bráða vanda“ sem krafan byggði á. Þá er því haldið fram að málsmeðferð FST hafi brotið gegn grundvallarreglum stjórnsýsluréttar, þar á meðal rannsóknarreglu, meðalhófsreglu og andmælarétti, þar sem ákvörðunin hafi verið byggð á gögnum sem Sýn fékk ekki tækifæri til að andmæla og að stofnunin hafi sýnt af sér hlutdrægni. Efnislega er því haldið fram að FST hafi rangtúlkað ákvæði fjölmiðlalaga, einkum um jafnræði og hvað teljist „eðlileg og sanngjörn“ beiðni um flutningsrétt í ljósi nýrrar tækni (OTT) sem Sýn býður öllum á jafnræðisgrundvelli. Málið er nú til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni.

Ársfjórðungsyfirlit*

	2024	2024	2024	2024	2025	2025
	1F	2F	3F	4F	1F	2F
Rekstrartekjur						
Seldar vörur og þjónusta	5.365	5.286	5.265	5.731	5.220	5.357
	5.365	5.286	5.265	5.731	5.220	5.357
Rekstrarkostnaður						
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	2.128	2.100	2.168	2.336	2.156	2.222
Laun og launatengd gjöld	1.568	1.642	1.459	1.570	1.638	1.535
Annar kostnaður	571	526	384	563	536	563
	4.268	4.268	4.011	4.468	4.330	4.320
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, EBITDA	1.097	1.018	1.254	1.263	890	1.038
Afskriftir og virðisrýrnun	(1.050)	(955)	(1.055)	(2.218)	(1.029)	(972)
Rekstrarafkoma	47	63	199	(955)	(139)	66
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						
Fjármunatekjur	16	6	17	15	17	5
Fjármagnsgjöld	(332)	(324)	(372)	(326)	(317)	(305)
Gengismunur	3	(2)	9	3	6	15
Hrein fjármagnsgjöld	(313)	(319)	(346)	(308)	(294)	(284)
Tap fyrir tekjuskatt	(266)	(256)	(148)	(1.263)	(433)	(219)
Tekjuskattur	68	80	39	68	89	45
Tap af áframhaldandi starfsemi	(199)	(176)	(108)	(1.194)	(344)	(174)
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta	46	(10)	125	0	0	0
(Tap) hagnaður tímabilsins	(153)	(186)	17	(1.194)	(344)	(174)
Önnur heildarafkoma						
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>						
Þýðingarmunur	(5)	(6)	1	(45)	(4)	0
Heildarafkoma tímabilsins	(158)	(192)	18	(1.239)	(348)	(174)
EBITDAaL tímabilsins	752	733	824	1.026	582	716

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum